

Eptir það unnu þingmenn allir eidd að stjórnarskránni (rituðu nafn sitt undir prentað eiddspjall).

Þá var kosinn forseti hins sameinaða alþingis og hlaut þá kosningu

**Jón Sigurðsson** frá Kaupmannahöfn með 33 atkv. (Bergur Thorberg 1 atkv., 1 atkv. var ógilt). Þá var kosinn varaforseti hins sameinaða alþingis *Bergur Thorberg* amtm. (með 19 atkv.; Pjetur biskup 7, H. Kr. Friðr. s. 4, Jón á Gault., síra Benidikt Kristjánsson, síra E. Kúld, og Dr. Grímur Thomsen eitt atkv. hver). Skrifarar hins sameinaða alþingis urðu þeir *Halldór* yfirkennari *Friðriksson* (33 atkv.) og *Eiríkur* próf. *Kúld* (22.).

Þá var gengið til atkvæða um, hverjir 6 þjóðkjörnir þingmenn skyldu lenda í fyrri deildinni ásamt hinum konungkjörnu, og hlutu þessir kosningu:

<i>Eiríkur Kúld</i> prófastur	með 30 atkv.
<i>Ásgeir Einarsson</i>	— 29 —
<i>Benidikt Kristjánsson</i> prófastur	— 28 —
<i>Torfi Einarsson</i>	— 27 —
<i>Sighvatur Árnason</i>	— 26 —
<i>Stefán Eiríksson</i>	— 26 —

(Tryggvi Gunnarsson fjekk 8 atkv., Halldór Friðriksson og Þórarinn Böðvarsson 5 hvor, Jón á Gault. og Guðm. Einarsson próf. 4, Einar Ásmundsson og Dr. Grímur 3).

Þá voru þeir Bened. Sveinsson, Jón á Gault. og Bergur Thorberg kosnir í nefnd til þess að prófa ókomin kjörbrjef, ásamt forsetum deildanna (sbr. 3. gr. þingsk.).

Eptir það skildust deildirnar. Sat önnur deild kyrr, en fyrri deild flutti sig inn í svefnloftið (lestrarsalinn, sem verið hefir áður; nú er svefnloftið minna lestrarsalur). Þar er líkt um húði og á alþingissalnum gamla. Landshöfðingja er í báðum deildum ætlað sæti sjer innan til á hægri hönd forseta en á þingmanna bekk. Öndvegi forseta stendur fyrir miðjum vegg, því nú er ekkert konungsfulltrúasæti.

Þá ljettu aldursforsetar hvorrar deildar (þ. Jónasson og Jón Sigurðsson) ganga til kosninga um deildaforseta. Forseti í annari deild varð

### Jón Sigurðsson frá Khöfn,

kosinn í einu hljóði. Varaforseti: *Jón Sigurðsson* frá Gautlönðum með 14 atkv. (Halldór Friðriksson 3, Guðm. Einars. 2, Þór. Böðvars. 1). Skrifarar: *Halldór* yfirkennari *Friðriksson* (20) og *Guðm.* próf. *Einarsson* (17).

Forseti í fyrri deild

### Pjetur Pjetursson biskup (7 atkv.)

Varaforseti: *Eiríkur Kúld* próf. (7 atkv.). Skrifarar: *Bergur Thorberg* amtm. og *Ólafur* próf. *Pálsson*.

Forseti annarar deildar skýrði frá, að landshöfðingi mundi á næsta fundi (í dag kl. 12) leggja fyrir hana af hendi stjórnarinnar þessi lagafrumvörp: 1, um *fjárþag* Íslands 1876—1877. 2, um aðra skipun á *læknaumdæmum*. 3, um að bæta *laun embættismanna*. 4, um sölu á  $\frac{1}{4}$  í *silfurbergsnámunum* í Helgastaðafjalli, er landssjóður Íslands á. 5, um að greiða skuli aðflutningsgjald af flutningsvörum með pósthafskiptinu. 6, um að breyta pósthaldi úr rikismynt í krónumynt. 7, um tilsjón með flutning á mönnum, sem flytjast í aðrar heimsálfur. 8, um kosningar til alþingis. — Fundi slitið kl. 4.

Forseti fyrri deildar skýrði frá, að landsh. mundi á næsta fundi leggja fyrir hana þessi stjórnarfrumvörp: 1, um skipa-*strönd*. 2, um ljósmæðraskipun. 3, um varnir gegn því að bóla og kólera flytjast til Íslands. 4, um þingsköp alþingis. 5, um breytingu á tilhögun með birtingu laga og tilskípana á Íslandi. 6, um breyting á tilsk.  $\frac{12}{2}$  72 um fiskiv. útlendra við Ísland. 7, um brunamál í Reykjavík. 8, um breyting á tilsk.  $\frac{24}{7}$  1789 (um úttektir brauða m. m.). — Fundi slitið kl. 4. Næsti fundur í dag kl. 1.

Útskrifaðir úr lærða skólanum í Reykjavík 29. f. m.

1. Magnús Andrjesson frá Urðafossi hlaut 1. eink.,	93 stig
2. Friðrik Petersen frá Færeyjum	— 1. — 93 —
3. Grímur Jónsson frá Gilsbakka	— 2. — 74 —
4. Skaptí Jónsson úr Reykjavík	— 1. — 85 —
5. Helgi Guðmundsson úr Reykjavík	— 2. — 75 —
6. Gestur Pálsson frá Mýrartungu	— 2. — 49 —
7. Árni Jónsson úr Reykjavík	— 2. — 70 —

8. Þorvaldur Jónsson Thoroddsen úr Rvík — 2. — 57 —

9. Franz Siemsen úr Reykjavík — 2. — 57 —

10. Jóhann Lúther Sveinbjarnarson úr Skáleyjum, utan skóla — 1. — 82 —

Nýsveinar þessir voru teknir inn í skólann í lok skólaársins:

Í 2. bekk:

Jónas Jónasson frá Tunguhálsi í Skagafirði f.  $\frac{2}{8}$ . 56.

Í 1. bekk:

1. Ólafur Einarsson frá Hvítanesi í Ísafjarðarsýslu f.  $\frac{5}{2}$ . 59.

2. Steingrímur Stefánsson frá Görðum á Álptanesi f.  $\frac{12}{8}$ . 60.

3. Bogi Thorarensen Jónsson Melsted frá Klausturhólum í Árnessýslu f.  $\frac{4}{6}$ . 60.

4. Einar Hjörleifsson frá Goddölum í Skagafjarðarsýslu f.  $\frac{6}{12}$ . 59.

5. Benedikt Bjarnarson Stefánsson frá Ísafirði f.  $\frac{24}{8}$ . 59.

6. Lárus Jóhannesson frá Enni í Skagafirði f.  $\frac{4}{11}$ . 58.

Próf í forspjallsvísindum tóku þessir stúdentar 22. f. m.

1. Sófónías Halldórsson	(ágæll.)
2. Guðmundur Helgason	(dáv. +)
3. Janus Jónsson	(dáv. -)
4. Sigurður Jensson	(vel +)
5. Jónas Bjarnason	(vel +)

Vöruverð í Reykjavík. Rúgur 20 kr., grjón 28—32 kr. Kaffi 1 kr., sykur 50 aura. Brennivín 66 aura. — Ull 95 aura, saltfiskur 40 kr., hardfiskur 50 kr. Aðrar íslenskar vörur óverðsettar.

## BOÐSBRJEF.

Hið mikla tjón, er dundi yfir Múlasýslu-búa með óskufallinu 2. dag í Páskum í vor, hefur nú þegar vakið hjartanlega hluttekningu utanlands og innan. Óðara en fregnin barst til Danmerkur, tóku margir veglyndismenn þarlandir til að safna gjöfum handa hinu nauðstadda fólki, og varð konungur vor sjálfur fyrstur allra til bragðs. Því næst hófust samskot hjer í Reykjavík til sama augnamiðs, og vorum vjer undirskrifaðir nefndir til að styðja samskotin, veita viðtökur gjöfum hjedan nærsveitis og rádstafa fjenu austur. Almennigur hjer hefir og þegar veitt málinu góðan gaum og veitt oss von um drjúgan árangur bæði fjær og nær.

Til þess að samskotin geti orðið sem jöfnust og almennust leyfum vjer oss að senda þetta boðsbrjef til gjafasamskota handa Múlasýslumönnum, bæði gegnum hendur yfirvalda landsins og bladamanna. Og leyfum vjer oss að kvedja hvern þann, sem þetta brjef verður sjerstaklega á hendur falið, til að safna á það áskriföndum, þannig að hver gefandi riti á blaðið nafn sitt heimili og gjafarupphæð, og sendi gjöfina jafnframt; verður þá boðsbrjefið kvittunarbrjef þess, er safnað hefur.

Fje því, er safnað verður, skulum vjer veita viðtökur (eða einhver af oss) og rádstafa því austur sem fyrst vjer getum, nema geföndum þyki greidara að senda beint frá sjer austur til viðkomandi sýslustjórna, sem gjöfunum munu niðurjafna.

Vjer falltreystum því, að lífsnauðsyn meðbræðra vorra, ekki síður en gefið eptirdæmi útlendra manna, muni betur tala fyrir máli þessu, en mörg orð; en vjer skulum einkanlega benda á eitt, sem oss þykir mestu máli skipta, næst því að fólkið haldi fjörvi sínu, en það er það, að sem flestir hinna nauðstöddu búanda geti haldizt við bú sín og jarðir, og neyðist ekki til að flýja ódul sín eða ættjörð. Er það innileg ósk vor og von, að almenn hjálp og hluttekning megi fyrirbyggja þau vandræði, og verða vegur til viðreisnar einhverjum hinum fegurstu og frjóvsmustu sveitum, sem til eru á Íslandi.

Reykjavík í júní 1875.

Jón Sigurðsson. Matth. Jochumsson, Björn Jónsson,  
ritst. Þjóðólfs. ritst. „Ísafoldar“.

Tryggvi Gunnarsson. Jón Jónsson.

— Inn- og útborgun sparisjóðsins verður fyrst um sinn á skrifstofu landfógetans á hverjum langardegi frá kl. 4—5 e. m.

Útgefandi og ábyrgðarmadur: *Björn Jónsson*, cand. phil.

Landsprentsmidjan í Reykjavík. Einar Þórðarson.